

Fimmtudaginn 1. júlí 1982.

Nr. 91/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hilmari Haraldssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 217. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingar af hálfu ákærvalds. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn, er sýna, að ákærði og vitnið Friðþjófur Haraldsson eru albræður.

Gunnar Sigurbjörnsson hefur borið ákærða þeim sökum, að hann hafi slegið sig högg á munninn, er þeir voru staddir á skrifstofu loðnuverksmiðju Ísbjarnarins h/f á Seyðisfirði að kvöldi 16. febrúar 1978. Gunnar, ákærði og Friðþjófur eru einir til frásagnar um atburð þennan. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi greitt Gunnari högg, og Friðþjófur kannaðist ekki við, er hann var yfirheyrður fyrir dómi, að ákærði hefði gert það. Tvö vitni hafa borið, að Gunnar hafi verið blóðugur um munninn, er hann kom út af skrifstofu ákærða. Eitt vitni telur, að hann hafi ekki verið það, er hann fór þangað inn. Að öðru leyti liggja ekki fyrir upplýsingar um það atriði. Gegn neitun ákærða, sem studd er framburði vitnisins Friðþjófs, en framburð hans verður að meta með hliðsjón af skyldleika vitnisins við ákærða, þykir ekki sannað, að ákærði hafi veitt Gunnari áverka þá, sem lýst er í ákæru. Er og engan veginn útilokað, að Gunnar, sem var „talsvert drukkinn“ í umrætt skipti að áliti læknis, hafi getað hlotið áverkana með öðrum hætti. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Bótakrafa Gunnars á hendur ákærða kemur samkvæmt þessu ekki til álita, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974, og ber að vísa henni frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað í héraði og kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð, þar á meðal laun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 4.000.00 krónur.

Höndum hefur verið kastað til rannsóknar málsins og mikill dráttur orðið á rekstri þess. Ber að átelja þetta.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Hilmar Haraldsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Framangreindri bótakröfu er vísað frá héraðsdómi.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlauð skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 4.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Sakarefni máls þessa hefur að öllu leyti verið rannsakað í sakadómi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 73. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Rannsókn önnuðust bæjarfógetafulltrúarnir Skúli Thoroddsen og Örn Sigurðsson.

Verulegir gallar eru á rannsókn og meðferð máls þessa:

1. Í frumskýrslu kæranda í sakadómi Seyðisfjarðar hinn 24. febrúar 1978 segir m. a.: „Mættur kveðst þá skyndilega hafa fengið högg á munninn, mættum að óvörum, enda hafi hann alls ekki búist við slíku. Mættur kveðst þá hafa farið út af skrifstofunni eftir þetta högg frá Hilmarí“.

Í þessari óljósu bókun felst hið eina, sem í málinu greinir frá kæranda sjálfum um, að hann hafi hlotið áverka og hver hafi veitt honum áverkann. Ekki verður séð, að dómari hafi

lagt neinar spurningar um kærufnið fyrir kæranda, eftir að hann færði þessa óljósu yfirlýsingu til bókar.

2. Hinn 16. mars 1978 kemur Friðþjófur Haraldsson verkstjóri fyrir sakadóm Seyðisfjarðar. Er bókað, að hann sé kærður í málinu og dómari bókar, að gætt sé ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ekki verður með neinu móti ráðið af því, sem bókað er eftir kæranda og greinir undir 1. tölulið hér að framan, hvert geti hafa verið tilefni þess, að Friðþjófur þessi var meðhöndlaður sem sakborningur.

3. Í yfirheyrslum í sakadómi Seyðisfjarðar segir ákærði í fyrsta sinn, hinn 16. mars 1978, að hann kannist ekki við að hafa slegið kæranda í andlitið. Í annað sinn, er honum var boðin dómssátt 25. október 1978, segir: „Mætta er nú boðin dómssátt, sbr. dskj. nr. 1, en hann hafnar henni með öllu. Vísar hann í fyrri framburð sinn hér fyrir dómi varðandi mál þetta. Mættur óskar ekki eftir því að tjá sig meira um mál þetta.“ Er ákærði kom fyrir sakadóm hinn 26. febrúar 1979, kveðst hann ekki vilja tjá sig um ákærana, „en vísar í fyrri framburð sinn hér fyrir dóminum“.

Svör ákærða, sem ekki geta talist afdráttarlaus, gáfu héraðsdómara tilefni til þess að krefja hann afdráttarlausra svara og jafnframt að brýna sérstaklega fyrir honum niðurlagsákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

4. Tvö vitni, sem komið hafa fyrir sakadóm, Einar Rafn Haraldsson og Guðjón Harðarson, bera það, að kærandi hafi verið blóðugur, er hann kom út af skrifstofu ákærða, og annað vitna þessara telur sig hafa séð, að kærandi hafi ekki verið blóðugur, er hann fór inn á skrifstofu ákærða þá rétt áður.

Svo er að sjá af gögnum málsins, að fleiri vitni hafi verið viðstödd, þó ekki í skrifstofu, er hinn kærði atburður á að hafa skeð, en þau „ekki fengist til vitnisburðar, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir“, eins og segir í bréfi bæjarfógetans á Seyðisfirði til ríkissaksóknara, er fylgdi rannsóknargögnum, hinn 1. febrúar 1979. Bréfi þessu svaraði ríkissaksóknari hinn 19. sama mánaðar með útgáfu ákæru og kröfu um, að

héraðsdómari lyki rannsókn málsins, en ekki gerði hann sérstaka kröfu um, að héraðsdómari beitti ákvæðum 89. og 99. gr. laga nr. 74/1974 til þess að færa vitni fyrir dóm. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lét ríkissaksóknari að því liggja, að ótti starfsmanna við forstjóra hefði valdið því, að vitni fengust ekki til þess að koma í sakadóminn. Var því enn frekari ástæða fyrir ákærvald til þess að gera kröfu um beitingu ákvæða 99. gr. laga nr. 74/1974.

5. Ákærði kveðst hafa verið að tala í síma og haldið á heyrnartóli símans, er kærandi var leiddur fyrir hann á skrifstofu hinn 16. febrúar 1978. Ekki sést, að ákærði hafi verið inntur eftir því, við hvern hann var að tala, og þá ekki reynt að hafa uppi á þeim manni til að spyrja hann, hvort hann hafi heyrt það, sem fram fór í gegnum símann.

6. Fébótakrafa var ekki borin undir ákærða, svo séð verði, en kröfubréf var lagt fram í dómi tæpu ári eftir dagsetningu þess.

Að svo vöxnu máli ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til frekari rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 28. október 1980.

Árið 1980, þriðjudaginn 28. október, var á dómþingi sakadóms Seyðisfjarðar, sem háð var á skrifstofu dómsins af Árna Vil-

hjálmssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í saka-dómsmálinu: Ákærvaldið gegn Hilmarí Haraldssyni.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var samdægurs, er höfðað með ákæru-skjali ríkissaksóknara, útgefnu 19. febrúar 1979, á hendur Hilmarí Haraldssyni verksmiðjustjóra, Hæðarbyggð 25 í Garðakaupstað, fyrir líkamsárás með því að hafa fimmtudagskvöldið 16. febrúar 1978 ráðist að Gunnari Sigurbjörnssyni, fæddum 12. október 1934, í skrifstofu sinni í verksmiðju Ísbjarnarins h/f á Seyðisfirði og slegið hann högg á munninn, þannig að sprakk fyrir á vörum hans og hann bólgnaði í andliti.

Er þetta talið varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist af ákærvaldsins hálfu, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.

Skipaður verjandi ákærða, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, gerir þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfu ákærvaldsins í máli þessu, en til vara, að ákærða verði dæmd vægasta refsing að lögum. Þá krefst verjandi málskostnaðarlauna úr ríkissjóði að mati réttarins.

Kærandi málsins, Gunnar Sigurbjörnsson, hefur krafist miskabóta að fjárhæð kr. 200.000.

Ákærði, sem er sakhæfur og fæddur í Hólmavík 12. september 1935, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1956 30/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1960 25/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1963 20/8 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1964 23/6 í Reykjavík: Sátt, 350 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

1965 1/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1976 21/4 í Reykjavík: Sátt, 12.000 kr. sekt fyrir brot á 10. gr., sbr. 20. gr. laga 54/1960.

1977 24/6 í Reykjavík: Dómur: 200.000 kr. sekt fyrir brot á 215. gr. hegningarlaga, 26., 37., 45., 47. og 49. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 3 ár frá 24/6 1977.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir helstir, að kærandi málsins, Gunnar Sigurbjörnsson, til heimilis á Seyðisfirði, mætti til vinnu í verksmiðju Ísbjarnarins h/f hér í bæ fimmtudagskvöldið 16. febrúar 1978 laust fyrir klukkan 2000 og var þá óumdeilalega undir áhrifum áfengis. Þar sem kærandi kom akandi til vinnu sinnar, var hann með dómssátt hér fyrir dómi sviptur öku-leyfi í eitt ár og gert að greiða sekt, svo sem lög gera ráð fyrir. Skömmu eftir að kærandi kom til vinnu sinnar, tekur hann vörulyftara og ekur honum um verksmiðjuna, og lýkur akstrinum með því, að lyftarinn rekst utan í gaskúta, sem voru á bretti, og löskuðust þeir lítillaga. Vaktformanni, Friðþjófi Haraldssyni, sem er bróðir ákærða, er tilkynnt, hvað gerst hafi, og fer hann á vettvang. Áttu þeir kærandi og bróðir ákærða einhver orðaskipti, en að því búnu þreif hinn síðarnefndi í öxl kæranda og ýtti honum á undan sér út úr verksmiðjunni og áfram, þar sem leið liggur að skrifstofubyggingu verksmiðjunnar, og þar upp stiga á aðra hæð og inn í skrifstofu þáverandi verksmiðjustjóra, sem er ákærði í máli þessu. Kærandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þar inni á skrifstofunni hafi ákærði slegið sig á munninn fyrirvaralaust eftir að hafa hlýtt á Friðþjóf skýra frá því, sem gerst hafi. Hvorki Friðþjófur né ákærði kannast hins vegar við, að kærandi hafi verið sleginn. Kærandi segist hafa farið út af skrifstofunni við svo búíð og hafi Friðþjófur jafnvel ýtt á eftir sér út og niður stigann. Er kærandi kom niður á fyrstu hæð byggingarinnar, var hann blóðugur í andlitinu.

Eins og áður sagði, neitar ákærði því að hafa slegið Gunnar Sigurbjörnsson, en segist hafa setið með símtólið í höndunum, meðan þeir bróðir hans og kærandi dvöldust inni hjá honum. Segist ákærði ekki hafa yrt á kæranda, meðan hann dvaldist þar, enda sjálfgefið, að kæranda yrði sagt upp störfum. Segist ákærði hafa beðið bróður sinn að hringja í lögreglu.

Friðþjófur Haraldsson segir í skýrslu sinni fyrir dómi, að þegar að hann kom á vettvang, þar sem kærandi hafi verið búinn að aka vörulyftaranum í gaskútana, hafi hann vísað honum á dyr með óhefluðu orðavali, en kærandi sinnti því ekki. Því fór hann með kæranda til skrifstofu ákærða og segir ákærða hafa beðið sig að hringja á lögreglu. Þá segir Friðþjófur, að eftir nokkur orðaskipti á skrifstofunni hafi ákærði „sagt manninum upp störfum“. Friðþjófur kveðst hafa farið á eftir kæranda út af skrifstofunni og sagt honum, að hann skyldi ekki fara heim

á bílnum, þótt hann hafi komið á honum, því að hann væri búinn að hringja á lögreglu. Eins og áður segir, kannast Friðþjófur ekki við, að ákærði hafi slegið kæranda, og ekki heldur, að hann hafi gert það.

Vitnið Einar Rafn Haraldsson kom fyrir dóm 19. júlí 1978 og segir í skýrslu sinni, að það hafi séð, er Friðþjófur fór með kæranda málsins upp stiga, sem liggur að skrifstofu ákærða. Segir það jafnframt, að frá skrifstofunni hafi borist mikill hávaði og eftir líklega 3—5 mínútur komu kærandi og Friðþjófur aftur niður stigann, og var kærandi þá blóðugur um munninn. Jafnframt segir vitni þetta, að það telji sig hafa séð, að kæradi var ekki blóðugur, áður en þeir fóru upp á skrifstofu ákærða.

Vitnið Guðjón Harðarson, sem kom fyrir dóm 30. janúar 1979, segist hafa séð, er Friðþjófur kom með kæranda niður af skrifstofu ákærða, og hafi kærandi þá verið blóðugur í framan. Átti vitni þetta þá orðaskipti við kæranda, sem sagði þá m. a., að ákærði hafi slegið sig.

Lagt hefur verið fram áverkavottorð Þráins Rósmundssonar héraðslæknis, en þar segir m. a., að kærandi hafi verið „með sprungnar varir og talsvert bólginn, auk þess sem hann var blóðugur á vörum og andliti“, er komið var með hann til töku blóðsýnis kl. 2210 að kvöldi 16. febrúar 1978. Fjórum dögum síðar skoðar nefndur læknir kæranda og segir, að hann sé „með bólgnar varir og marinn kringum hægra munnvik, bæði utan á kinninni og innan á munninum. Ekki er hægt að sjá neinar brotnar tennur.“

III.

Með vísan til framanritaðs er ljóst, að engin hlutlaus vitni eru að þeim atburði, sem um er fjallað í málinu. Hins vegar verður að líta á áverkann sem hlutlægt sönnunargagn í málinu, og bendir hann sem slíkur til þess, að hið meinta högg hafi átt sér stað, frekar en að hann bendi til þess, að kærandi hafi hrasað. Í ákæru er frásögn kæranda lögð til grundvallar. Framburður vitnanna Einars Rafns Haraldssonar og Guðjóns Harðarsonar styður einnig framburð kæranda. Vitnið Einar Rafn telur sig hafa séð, að kærandi var ekki blóðugur í andliti, er hann fór upp stigann að skrifstofu ákærða, en hins vegar, að hann hafi verið blóðugur, er hann kom niður aftur, eftir að mikill hávaði hafi heyrst frá skrifstofu þessari, meðan menn þessir voru þar inni. Kærandi segir vitninu Guðjóni, um leið og hann kemur niður stigann, að ákærði hafi slegið sig. Vitnið Guðjón ber einnig, að

kærandi hafi þá verið blóðugur í andliti. Engin sennilegri skýring á áverkanum hefur komið fram. Með tilliti til alls þessa verður það að teljast nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir. Hins vegar þykir við ákvörðun refsingar mega taka tillit til 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þá með hliðsjón af hegðun kærandanda.

Refsing ákærða þykir því hæfilega ákveðin kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs.

Með vísan til aðalkröfu skipaðs verjanda og þess, að afleiðingar brotsins geta ekki talist þungbærar, þrátt fyrir að miskabótakröfunni sé ekki mótmælt sérstaklega, þá ákveðast miskabætur til Gunnars Sigurbjörnssonar kr. 50.000.

Loks ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 70.000.

Meðferð málsins hefur af mörgum ástæðum dregist úr hófi, bæði vegna embættisanna þeirra, sem með málið hafa farið hér í dómi, svo og þess, að vörn barst seinna en gert var ráð fyrir.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Haraldsson, Hæðarbyggð 25, Garðakaupstað, greiði kr. 30.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan tveggja mánaða frá lögbirtingu dómsins. Þá greiði ákærði Gunnari Sigurbjörnssyni kr. 50.000 í miskabætur og allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndal hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.